

**Stjórn byggðasamlags UTU - 112. fundur
haldinn á Teams, þriðjudaginn 25. júní 2024
og hófst hann kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru

Lögð var fram gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru fyrir árið 2024, innheimtir gjalda skv. gjaldskránni eru sbr. 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar henni til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögunum.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

Umræður um dreifingasvæði, Nanna kynnti að til skoðunar er svæði austast á Haukadalsheiði þar sem hægt væri að dreifa seyru sem kemur frá Seyrustöðum. Svæðið er 160 ha og möguleiki á stækkun síðar upp á ca 30 ha, mjög gott aðgengi er að svæðinu, malbikaður vegur. Girðing er austan við Haukadalsheiði sem friðar það frá Biskupstungnafrétti. Ekki þyrfti að fara í neinar girðingar á svæðinu vegna þessa verkefnis. Svæðið er á köflum lítt grónir melar sem mjög gott væri að græða upp með lífrænum áburði og gott yfirferðar fyrir dreifingarbúnaðinn.

Stjórn tekur vel í hugmyndina og felur skrifstofustjóra að vinna málið áfram í samstarfi við Bláskógabyggð.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50

—

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson